



Sigrún Magna Þórsteinsdóttir stundaði tónlistarnám í Tónlistarskólanum á Akureyri, Tónlistarskólanum í Reykjavík, við Tónskóla Þjóðkirkjunnar og í Konunglega danska tónlistarháskólanum í Kaupmannahöfn. Þaðan lauk hún meistaraprófi undir handleiðslu prof. Bine Bryndorf. Í námi sínu lagði hún sérstaka áherslu á barnakórstjórn, tónlistaruppeldi barna og kenningar um tónlistarþroska barna. Hún heldur reglulega tónlistarnámskeið fyrir foreldra ungbarna, Krílasálma.

Sigrún hefur stjórnað barnakórum og blönduðum kórum í Reykjavík, í Kaupmannahöfn og á Akureyri. Sigrún starfar nú sem barnakórstjóri og organisti við Akureyrarkirkju og við Möðruvallaklausturskirkju, stjórnar Kór Menntaskólans á Akureyri og kennir við Tónlistarskólann á Akureyri. Hún hefur haldið fjölda tónleika á Íslandi og erlendis bæði sem einleikari, meðleikari og kórstjóri. Sigrún hefur sótt fjölda námskeiða m.a. hjá Olivier Latry, Hans-Ola Ericsson, Michael Radulescu og Mattias Wager. Sigrún er framkvæmdastjóri Sumartónleika í Akureyrarkirkju og Kirkjulistaviku í Akureyrarkirkju. Hún er listrænn stjórnandi Tónlistarfélags Akureyrar.